# Bréf og skjöl fátækramála 1905-1908

Aðfnr. 1017, örk 3

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

M. þ. fói Oddum.
Nefndin ákveði leiguna. –

fundur 14/6. 06. –

fundur 28/4. 06. – frestað.
sk. - Magnúsi Þórð.: 28/4. 06.
"Vrafinn að koma til viðtals".
– . –

Af því að mjer hefur brugðist húsnæði, sem jeg hafði fengið lofað fyrir eptir 14. maí næstk., og jeg hef ekki, þrátt fyrir margar tilraunir, getað fengið húsnæði eptirleiðis fyrir mig, konu mína og 1 barn, leyfi jeg mjer að snúa mjer til hinnar heiðruðu fátæknanefndar og fara þess á leit, að hún útvegi mjer húsnæði frá 14. maí næstk. annaðhvort gegn sinni ábyrgð eða ábyrgðarlaust, og geti jeg þá hvort sem vill borgað húsaleiguna til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húseigandans eða fátækranefndar-
innar, ef hún tekst á hendur
ábyrgð á húsaleigunni. Jeg er
ekkert hræddur um, að jeg geti
ekki borgað húsaleiguna jafnóðum
mánaðarlega.

Jeg veit til, að Einholt
í Laugavegi(?) er laust, og væri
það einkar hentugt húsnæði
fyrir okkur.

Andersensskála í Reykjavík 16/4 1906
Virðingarfyllst
Magnús Þórðarson

Til
fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var 1 ár í Holtbúðarkoti í Kaplaskjóli hjá Pétri Jónssyni

var síðan 12 ár í Móabæ í Kaplaskjóli,

síðan 1 ár í Hjaltalands í Kaplaskjóli

síðan 1 ár í Andersens húsi. —

Hann er vafalaust sveitlægur hér, á en fæð-ingarhrepp sinn; var ekki vinnu mörg ár í Sel-tjarnarneshreppi, en dvöl hans þar trúðist-in. —

= á barn á sveitinni, Helga Henriette Magnúsdóttir (No 13), og auk þess þáði hann sveitarstyrk hér (3 eða 4 sinnum) er hann var í Hrísakoti. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 8/3.'06. – Gudm. pól.
fundur 14/6.'06.

Svo stendur á, að jeg og maður minn, Jón Jónsson, höfum síðan í fyrra haust (1904) haft húsnæði í steinbæ þeim, sem veitingasali Einar Zoëga á á Skildinganesmelum, sem nefndur er Einarsstaðir. Var svo ákveðið með skriflegum samningi milli manns míns og Einars Zoëga, að húsaleigusamningi skyldi sagt upp með 3 mánaða fyrirvara, ef annarhvor vildi að samningurinn hætti að halda áfram. Hinn
28. 14. f. mán., sama daginn, sem maður minn, sem háseti fór til fiskiveiða á þilskipinu „Ása", sagði Einar Zoëga honum upp húsnæðinu – alveg óvænt – frá 14. maí næstkomandi, vegna þess – eptir því sem hann sagði, – að hann nú væri að selja þennan bæ sinn. Við hjón erum því nú frá 14. maí húsnæðislaus fyrir okkur og 5 ung börn okkar, sem við höfum fram að færa, og af því maður minn varð að fara á þilskipið sama daginn, sem hann fjekk þessa uppsögn, hafði hann engan tíma til að leitast fyrir sjer að útvega okkur nýtt húsnæði. Þessvegna er jeg knúð til, í fjarveru manns míns meðan hann er á sjó, að reyna að útvega okkur húsnæði frá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá næstkomandi krossmessu; en af því að við erum bláfátæk og höfum svo þunga ómegð, óttast jeg fyrir að mjer verði það ómögulegt, nema því að eins að jeg njóti til þess aðstoðar og hjálpar hinnar háttvirtu fátækrastjórnar, og því verði lofað að húsaleigan verði skilvíslega borguð af fátækrasjóði bæjarins. Jeg leyfi mjer því auðmjúklegast að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að útvega okkur viðunanlegt húsnæði framvegis, og undirgangast og ábyrgjast að húsaleiga fyrir það verði greidd af fátækrasjóði. Jeg veit að maður minn vill, svo framarlega sem hann getur, endurborga fátækrasjóðnum þá húsaleigu, sem fyrir hann verður borguð, en sökum fátæktar hans og fjölskyldu er svo hæpið að hann geti það, sízt að öllu leyti. –

Jeg dirfist að vænta góðvildar og hjálpar hinnar háttvirtu fátækrastjórnar í þessu efni, og að hún annist um að við hjón með börnum okkar eigi komumst á vonarvöl sökum húsnæðisleysis.

Einarsstöðum í Reykjavík, 5. marz 1906.

Auðmjúklegast

Þórdís Sigurlaug Benónísdóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 14/6. 06.

Hjer með leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu. fátækranefnd Reykjavíkur, hvort hún vilji nú ekki gjöra mjer þann velgjörning, og láta mig fá áfram þann húsaleigu styrk sem jeg hef notið nú um tíma, sem ~~var~~ eru 3 krónur á mánuði, þar sem jeg sje að jeg ekki get borgað af ~~mínum~~ fje, er full hert að geta haft afan af fyrir mjer að hinu litinu, jeg vona að hin heiðruð fátækranefnd verði við þessari ósk og von minni. —

Með virðingu

Reykjavík 2 maí 1906

Anna Sigríður Benidiktsdóttir
(frá Austurholti)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 8/3.06. – Frestað. – Jón Egi. rannsaki.

Fundur 22/3. 06..

Þar sem eg er Ein minslids með 1 barn 4 ára gamalt sem misti föður sinn fyrir 2ur árum Eg hef Ekkjert fyrir mig að leggja en annað, það sem eg fæ fyrir vinnu mína og frá anngri síðu neyrn styrk með barninu að föðursins hluta sem eg þó er búin að reyna forgefins hjá þeirri sveitarnefnd sem hann heyrði til. En þar eg treysti mjer ekki til að hafa nægilegt fyrir mig að leggja (með barninu) þá er það virðingarfyllst beiðni mín til hinnar Heyðruðu Fátækranefndar að hún vildi svo vel og veyta mjer styrk með barninu ef vera mætti um 50 krónur um árið. Eg mun eftir megni bera mig að vinna það sem eg ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~skal~~ þarf til viðbótar auk skyldu
minnar eða rjettara sagt að mínum
Parti                    virðingarfyllst
Veghúsum 6 Marts 1906

Margrjet Jónsdóttir

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skírnarseðill.

| Fæðingardagur og ár | Barnsins fulla nafn | Skírnardagur | Foreldra nöfn, stétt og heimili |
|---|---|---|---|
| 18. júlí 1901 | Kristín Guðrún Guðbrandsdóttir | 23. nóv. 1901. | Ógift persónu Guðbrandur Samúel Guðbrandsson tksm. og Margrét Jónsdóttir, vinnukona, Laugaveg 61. |

Að þetta sé samhljóða ministerialbókum Reykjavíkur prestakalls vottar

Reykjavík, 20. mars 1906

Jóhann Þorkelsson
dómk. prestur. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

p. 322.
p. 279.

Gunder 14/6. 06.

Hjer med Leyfi eg mjer virdingar fyllst ad leyta mjer hjálpar hjá hinni Heydrudu Fátækranefnd. svoleydis er ad þar sem eg er ad bera mig ad ann=ast barnid mitt Harald Olafsson 6 ára og hef komid því fyrir til Fósturs og hefur sá sem barnid er hjá ekki þurft ad klaga uppá medgjöf frá minni hendi þar til nú ad Eptir standa 25 krônur óborgadar sem eg get ekki útleyst nú í bráda hasti En fæ aungva lidun – Fyrra árs kaup mitt gaf eg alt med því og í vetur bjet eg aleigu mína sem þá var Enn í Fyrra fatladist eg frá atvinnu í 5 vikur sem bjó skard í fyrir mjer. Eg hefi bedid Syskini mín ad lána mjer til ad losa þersar 25 kr ~~um~~ þaug hafa Ekki viljad gjöra þad þar ed leydanali

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er það nú einu úrræðin fyrir mjer að flýja nú á náðir nefdarinnar og biðja hana svo vel gjöra að hjálpa mjer um fyrnefndar 25 krónur til lúkningar þessarar skuldar

Virðingarfyllst

Laugaveg 21 – 21 Mai 1906

Þóra Andrjesdóttir

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

180 kr. fundur 26/4. '06. - veitt. -

—•—

Hjér með Leyfi eg mjér virðing-arfyllst að færa í tal við hina Heyðruðu Fátækranefnd um ómagan Halldóru Jónsdóttir sem búin er að dvelja hjá mjér ~~t 7~~ á þriðja ár. þar sem hún er svo fyr-ir hafnar aumingi að ein mann-eskja algjört útgefin við að stunda þessi aumingja manneskju nótt sem dag. þar sem hún fer opt uppúr rúminu og æðir til og frá um húsið og þess í milli leggst eins og ída og þá gjörir öll sín stikki í rúmið. þettað og fleyra eru svo miklir Erviðleykar fyrir mig að eg get ekki haldið hana fyrir það meðlag sem eg hef feingið með henni sem eru 15 kr um mánuðin og fer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eg því framá að meðlagið
mætti vera alt að 20 krónum um
mánuðin að öðrum kosti tilsegi eg
nefndinni þenn ómaga til annarar
ráðstöfunar.

Virðingarfyllst

Grettisgötu 39 - 14 April 1906

Steingrímur Jónsson

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 26/4. 06.

Fylgiskj: endursent bæjarfog. með brjefi 28/4. 06.-

Bæjarfógetinn i Reykjavik

7. april 1906

Með brjefi dags. 24. f.m. fór fátækranefndin þess á leit, að jeg útvegaði hjá stjórnarráðinu upplýsingar um hverjar ástæður hin norska stjórn hafi fært fyrir neitun sinni um að endurgreiða Reykjavikurkaupstað fátækrastyrk þann, er árið 1904 var veittur norskum sjómanni af skipinu "Terrier", Hans Ludvig Henriksen að nafni.-

Þetta hef jeg borið upp fyrir stjórnarráðinu og hefur það sem svar þar upp á sent mjer brjef utanrikistjórnarinnar i Noregi hjer að lútandi, dags. 25. marz f.á.- Þetta brjef sendi jeg fátækranefndinni hjer með, en bið mjer það endursent þegar nefndin hefur kynnt sjer innihald þess.-

Páll Einarsson

settur.

Til Fátækranefndar Reykjavikurkaupstaðar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til athugunar. —

Bæjarfógetinn i Reykjavik

24. marz 1906

Í heiðruðu brjefi dags. 9. þ.m. hefur fátækranefndin tjáð mjer,að i húsinu nr. 49 i Grettisgöt búi fjölskylda i fullu óleyfi fátækranefndarinnar,sje húsbóndinn Guðbrandur nokkur Jónsson,sveitlægur i Seltjarnarneshreppi og búi hann þar með barnsmóður sinni Júliönu Stigsdóttur,og ennfremur sje þar i húsinu móðir bústýrunnar, Þorlaug Illugadóttir.Óskar fátækranefndin að heimili þetta verði rannsakað að tilhlutun lögreglustjórnarinnar og að heimilisfólkinu verði siðan visað burtu til átthaga sinna.-

Samkvæmt þessari ósk fátækranefndarinnar hef jeg rannsakað ástæður heimilis þessa,og kom það þá i ljós,að Þórlaug Illhugadóttir telur sig veita heimilinu forstöðu,og að hitt ~~hitt~~ heimilisfólkið sje á hennar vegum.Þórlaug,dóttir hennar og barnið á framfærslusveit i Garðahreppi,en Guðbrandur i Seltjarnarneshreppi.Hef jeg visað hverju þeirra um sig á burt hjeðan úr bænum á sveit sina,en eptir að jeg hafði gjört það,komu fram upplýsingar þess efnis,að jeg álit ekki ómögulegt,að Þórlaug hafi fyrir mörgum árum fengið bæjarleyfi hjer, og mun jeg þvi ekki láta beita valdi til að flytja hyski þetta burt úr bænum,fyr en fengin er full vissa fyrir,hvort svo sje eða ekki, nema þá,að heimilið þurfi að þyggja fátækrastyrk.Komi það fyrir bið jeg mjer gjört aðvart um það,og mun jeg þá láta flytja heimilisfólkið þurfamannaflutningi hjeðan.-

Páll Einarsson
settur.

Til Fatækranefndar Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Fátækranefndar. —

Bæjarfógetinn í Reykjavík

21. marz 1906

Í heiðruðu brjefi dags. 2. þ.m. hefir fátækranefndin tjáð mjer, að í húsinu nr. 4 á Grettisgötu hafi fjölskylda í mjög slæmri [illegible], sem húsbóndinn Guðbrandur nokkur Jónsson, sveitlægur í Seltjarnarneshreppi og hafi hann þar með barnsmóður sína Jóhönnu Sigurðardóttur, ennfremur sje þar í húsinu móðir [illegible], Soffía Illugadóttir, og hefir fátækranefndin að heimili þetta verði rannsakað að tilhlutun minni, hvort [illegible] heimilisfólkinu verði eigi vísað burtu til sveitar sinnar.-

Samkvæmt þessari ósk fátækranefndarinnar hef jeg rannsakað ástæður heimilis þessa, og komumst að því, að Þórlaug Illugadóttir telur sig vera heimilisfang [illegible] mitt heimilisfólkið [illegible] sje [illegible] vegna [illegible] á framfærslusveit í [illegible], en Guðbrandur í Seltjarnarneshreppi. Hef jeg vísað hverju þeirra um sig á [illegible] sína, en eptir að jeg hafði gjört það, kom fram upplýsingar þess efnis, að jeg álít ekki ómögulegt, að Þórlaug hafi fyrir nokkrum árum fengið hjúskaparleyfi hjer, og mun jeg því ekki láta þetta valda til að flytja hyski þetta burt úr bænum, fyr en fengin er full vissa fyrir, hvort svo sje eða ekki, nema því að heimilið þurfi að þiggja fátækrastyrk. Komi það fyrir bið jeg mjer gjört aðvart um það, og mun jeg þá láta flytja heimilisfólkið [illegible].-

Páll Einarsson

[illegible]

Fundur 14/6. 06. veitt.

Þar eg hefi afráðið að fara til Seyðisfjarðar nú með Laurn þann 19 þ. m. og dvelja þar 2–3 mánuði til að reyna að vinna fyrir Fæði og hvað betur kann að heppnast Eptir því sem heylsa og kraptar leyfa En get nú ekki komist það hjálparlaust. þá dirfist eg að leyta til hinnar Heyðruðu Fátækranefndar og biðja hana svo vel gjöra og hjálpa mjer um 10 kr. til Ferðakostnaðar

Virðingarfyllst

Vernharðarhúsi 13 Júní 1906

Þórður Stefánsson

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 14/6. '06.

Vegna þess að jeg nú er svo þrotin að heilsu og kröptum, að jeg ómögulega get lengur sókt vatn fyrir fólk eins og að undanförnu, sjerstaklega af því að jeg er svo veik fyrir brjósti og mæðin, get jeg ekki framdregið líf mitt af þeim 2 kr. mánaðarlega styrk, sem jeg undanfarin ár hefi fengið af fátækrasjóði, og hefði síðastliðið ár ekki getað komizt af, ef jeg ekki hefði notið hjálpar hjá góðu fólki, sem af gjafmildi sinni hefir rjett mjer hjálparhönd, þá er jeg nú knúð til í auðmýkt að leita frekari hjálpar af fátækrasjóði hjá hinni háttvirtu fátækrastjórn, og biðja hana að veita mjer framvegis 3 krónur á mánuði af fátækrasjóði í viðbót við þann styrk, sem jeg áður hefi fengið, svo að jeg mánaðarlega fái alls 5 krónur, því með minni styrk get jeg ekki neyðarlítið komizt af með.

Laugavegi 20 í Reykjavík, 13. júní 1906.

Auðmjúklegast.

Helga Halldórsdóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

24 kr. húsal.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er nú sagður dáinn. fundur 14/6.06.
Skr. Vstj: 16/6.06.

Piltur, sem heitir Halldór Halldórsson, og nú mun vera hjerumbil 26 ára gamall, fæddur á Reykjum í Miðfirði í Húnavatnssýslu, og á þar framfærslurjett, kom hingað til Reykjavíkur haustið 1900 til þess, eptir þar um gjörðum samningi, að nema hjá mjer skósmíðisiðn.

Þegar hann í aprílmánuði 1905 hafði lokið þessu námi sínu fór hann austur á Mjóafjörð í Múlasýslu, og var þar um sumarið í vinnu við hvalveiðastöð Ellefsens, og kom þaðan aptur hingað til Reykjavíkur á síðastliðnu hausti í septembermánuði, og fór að vinna hjer að skósmíði á eigin hönd. Þegar fram á haustið kom fór hann að þjást af lungnatæring, sem magnaðist svo, að hinn 11. desember f. á. varð að flytja hann á Landakotsspítalann, og hefir hann verið þar síðan, en alls engan heilsubata fengið, og kraptar hans eru meir og meir að þverra, svo að eigi er annað sýnilegt en að aðeins dauðinn gjöri enda á veikindum hans. Þegar hann var fluttur á spítalann átti hann dálitlar eigur, sem hann afhenti mjer til geymslu, jafnframt sem hann bað mig að ganga í ábyrgð fyrir legukostnaði sínum á spítalanum svo lengi sem þessar eigur hans hrykki til fyrir þeim kostnaði. En hinn 1. dag þessa mánaðar voru þessar eigur hans alveg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þrotnar, að undanskilinni nýrri skósmíðissaumavjel, sem hann á og hjá mjer er, og sem hugsanlegt er að selja móti fyrir 100 krónur; en til loka síðastliðins aprílmánaðar er legukostnaður hans á spítalanum alveg borgaður.

Með því nú að jeg hvorki get nje vil standa lengur í ábyrgð fyrir legukostnaði þessa manns á spítalanum, leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækrastjórn Reykjavíkur, að hún frá byrjun þessa mánaðar taki að sjer ábyrgð á legukostnaði hans á spítalanum, og þeim kostnaði, sem væntlega leiðir af útför hans þegar hann deyr, allt gegn endurgjaldi á sínum tíma frá framfærsluhreppi hans í Miðfirði í Húnavatnssýslu.

Hina áðurnefndu saumavjel, sem sjúklingur þessi á hjá mjer, vil jeg fela hinni háttvirtu fátækrastjórn til ráðstöfunar upp í borgun áfallandi legukostnaðar hans.

Reykjavík, 25. maí 1906.

Virðingarfyllst.

Vilhjálmur Kr. Jakobsson.

– skósmiður. –

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*fundur 14/6. 06.*

Bæjarfógetinn i Reykjavik

26. mai 1906

Hjer með tilkynnist fátækranefndinni, að sýslumaðurinn i Norður- Múlasýslu hefur með brjefi dags. 19. f.m. sent mjer 60 krónur, sem eru meðlög *frá* (með) föðurnum með Óskar Þorgils, óskilgetnum syni Jóns Guðmundssonar og Ingibjargar Jónsdóttur, og verður upphæð þessi greidd i bæjarsjóðinn.- Úrskurð þann, sem meðlagsgreiðsla þessi byggist á, hef jeg ekki fengið að svo stöddu að austan, en sýslumaðurinn hefur lofað að senda hann bráðlega.-

*Páll Einarsson*
*settur*

Til fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*til athug.-*

Bæjarfógetinn i Reykjavik

21. mai 1906

Sýslumaðurinn i Ísafjarðarsýslu hefur með brjefi dags. 17. f.m. skrifað mjer á þessa leið :

" Hjer með skal yður, herra bæjarfógeti, tjáð, að Guðmundur Pjetursson ,sá er brjef yðar dags. 29. jan. siðastliðinn ræðir um, á framfærsluhrepp i Eyrarhreppi."

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna fátækranefndinni hjer með.-

*Páll Einarsson*

*settur.-*

Til Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 26/4.'06. — Samþ.?
A.G.? —

og undirritaður bið hina
heiðruðu ~~[illegible]~~ Bæarstjórn nefnd svo
vel gjöra og [illegible] sjá um
látin verði trjestakkur í
skurðin sem rennur útúr
kjallaranum því það getur
orðið tilklása að hafa þenna
skurð ~~opin~~ opin lengur an

Þorkjell Sigursson
Nýlendugötu N:22

Búið —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þ. 24/4. '06.
fundur 14/6. 06.

Bræðraborgarstíg №21 Reykjavík

Jeg undirritaður vil leyfa mjer að láta hina ~~hina~~ heiðruðu Fátækranefndar Reykjavíkur vita að jeg get ekki haldið sveitabarn sem hjá mjer er lengur en til 14 Maí 1906 og heitir það Haraldur Hansson og óska jeg að honum verði ráðstafað fyrir þann tíma

Virðingarfyllst
Reykjavík þ. 21/4 1906

Björn Jónsson
Jón Jónsson (Bala) –

Haraldur Hansson (Sigurlínuson) hjá Jóni Jónssyni á Bala, 10 ára.

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn i Reykjavik

30. mai 1906

Hjer með tilkynnist fátækranefndinni, að stjórnarráðið hefur með brjefi dags. 17.f.m. tjáð mjer, að Adolph Herman Carlsson i Kaupmannahöfn hafi afplánað þar ~~(áfallin)~~ meðlög með 2 óskilgetnum börnum hans og Guðriðar Einarsdóttur, áfallin 7.ág. 1905 og að upphæð 168 kr.-

Jafnframt þvi að tilkynna þetta vil jeg geta þess, að i brjefi fógetans i Kaupmannahöfn, er fylgði skjölum málsins, er þess getið, að nefndur A.H.Carlsson hafi haft við orð að koma hingað i júni eða júli i ár, til þess að giptast barnsmóður sinni.- Ef fátækranefndin kynni að vilja sjá skjöl þau, er komu frá Kaupmannahöfn þessu viðvikjandi, eru þau til eptirsjónar hjer á skrifstofunni.-

Páll Einarsson
settur

Til Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn i Reykjavik

22. júni 1906

Hjer með tilkynnist fátækranefndinni, að hreppsnefndin i Vatnsleysustrandarhreppi hefur endurborgað styrk þann, er á sinum tima var veittur Kristmundi Jónssyni, kr. 23,56 og Guðrúnu Magnúsdóttur, kr. 30,00.- Hef jeg því kvittað Vatnsleysustrandarhrepp fyrir upphæðum þessum.-

Páll Einarsson
settur.

Til Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundr 16/6. '06.

Eins og hinni heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur er þegar kunnugt, er ástæðum mínum svo varið sem stendur, að jeg hlýt að skora á nefndina, að veita mjer nauðsynlegustu hjálp til framfærslu og aðhjúkrunar í veikindum mínum frá þessum tíma og eins lengi og þörf gjörist.

Ennfremur verð jeg af knýjandi þörf að skora á tjeða fátækranefnd að hún hlutist til um, að ná af eigum mínum á Suður-klöpp þeim munum er hjer segir: undirsæng, kúfort og rokk, sem alt eru mínar rjettar og séreignir, svo hefði jeg og þörf á að fá eitthvað af fatnaði mínum.

Virðingarfyllst

stödd á Laugavegi № 61. 14. júní 1906

Helga Jóhannesdóttir
frá Suðurklöpp

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 28/6. 06. – veitt.

Vegna þess að jeg, sem er rúmlega hálfáttræð að aldri (fædd 6. janúar 1831.) er nú svo þrotin að heilsu og kröptum, og sjerstaklega svo sjónlítil að jeg get litla björg mjer veitt, og alveg fjelaus og á engan að, sem geti fjárhagslega björg mjer veitt, er jeg knúð til þess auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer framfærslueyri af fátækrasjóði bæjarins framvegis frá þessum tíma þá æfidaga mína, sem jeg kann að eiga eptir ólifaða.

Jeg skal geta þess, að tómthúsmaður Ólafur Gunnlaugsson við Laugaveg, hefir eptir ósk minni lofað mjer að taka mig til sín fyrst um sinn næstkomandi júlí, ágúst og septembermánuði, gegn því að hann fái af fátækrasjóði sem meðlag með mjer 8 kr fyrir hvern mánuð. Væri mjer mjög kært að hin háttvirta fátækrastjórn vildi ganga að þeim kostum, því jeg þekki þennan Ólaf og sjerstaklega konu hans að öllu góðu, og vil hvergi fremur vera en hjá þeim.

Laugavegi 54 í Reykjavík, 27. júní 1906.

Auðmjúklegast.

Guðrún Benidiktsdóttir.

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 25.

Fundur 28/6. Kr. veitt.

Hjer með leyfi jeg mjer auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer af fátækrasjóði mánaðarlega 5 krónur frá byrjun yfirstandandi júnímánaðar og framvegis, því með minni hjálp af fátækrasjóði get jeg ómögulega framdregið mitt auma líf neyðarlítið.

Laugavegi 18 í Reykjavík, 27. júní 1906.

Auðmjúklegast.

Ingunn Þorsteinsdóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðgjöf með barninu Lilju Marisdóttir verður víst ekki borguð frá fæðingardegi barnsins, heldur frá þeim tíma sem Gunnar Gunnarsson bað skriflega um meðgjöfina. Af þessari ástæðu get jeg ekki samþykt meðfylgjandi reikning Gunnars óbreittann, en barnið hjelt hann til 22. maí fyrir umsamið 3. Kr. um hverja viku

Reykjavík 7/6 - 06

Samúel Ólafsson

Til yfirdómara Kr. Jónssonar
formans fátækranefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn i Reykjavik

22. mai 1906

Hjer með tilkynnist fátækranefndinni, að sýslumaðurinn i Árnessýslu hefur með brjefi dags. 17. f.m. sent mjer viðurkenningu hreppsnefndarinnar i Sanvikurhreppi fyrir þvi, að stúlkan Friðsemd Jónsdóttir, er brjef fátækranefndarinnar 9. marz þ. á. ræðir um, sje viðurkennd sveitlæg i Sandvikurhreppi og lofar hreppsnefndin þar að endurborga fátækrasjóði Reykjavikur, það sem lagt kann að verða með henni og barni hennar hjer.-

Hreppsnefndin hefur jafnframt krafizt að Friðsemd og barnið verði flutt þurfamannaflutningi á sveit sina, og verður það gjört hið fyrsta veður og færð leyfir.-

Páll Einarsson
settur.-

Til Fátækranefndarinnar i Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 8/3. '06..

Fundur 22/3. '06.

24/3. '06 Skr. bæjarfógeta —

9/3. 06. Skr. bæjarfóg. útskrifað;
beðið um próf;
Skírnarvottorð sent.
Sandvíkurhreppur talinn framfærsluhreppur. —

Barnið skírt Lilja; fætt 10. febr. 1906. Faðir: norskur sjómaður, er var í Hfirði; Marin Þórðarson (Thordersen) kaupmaður.

Jeg Gunnar Gunnarsson, geri kunnugt: að stúlkan Friðsemd Jónsdóttir, 19 ára að aldri, fædd og alin frá Flóagafli í Flóa í Árnessýslu, sem kom til mín í haust síðastl. sem vetrarstúlka hefur nú alið barn, sem nú er forstöðulaust.

Er það nú mín vinsamleg tilmæli að biðja hina háttvirtu fátækranefnd Reykjavíkurkaupstaðar að sjá þessu barni fyrir framfærslu, eptir því sem lög ákveða, og einnig biðst jeg fullrar borgunar frá deginum í dag, unz hún hefur ráðstafað því, sem jeg vona að verði svo fljótt sem auðið er.

Virðingarfyllst

Reykjavík 1. marz 1906

Gunnar Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógtinn i Reykjavik

3. júli 1906

Í tilefni af heiðruðu brjefi fátækranefndarinnar dags. 18. f.m. er nefndinni hjer með tjáð, að jeg sje af gjaldabókum embættisins, að hingað hafa verið borgaðar frá Hvitársiðuhreppi 40 kr. fyrir Jón Einarsson, og hafa þær verið greiddar i bæjarsjóð. Munu þetta vera hinar sömu 40 kr., sem brjef nefndarinnar ræðir um, en að eins gleymzt að tilkynna innborgunina.-

Páll Einarsson

Til Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn i Reykjavik

3. júli 1906

Í tilefni af heiðruðu brjefi fátækranefndarinnar dags. 16.f.m. tilkynnist nefndinni hjer með,að samkvæmt gjaldabókum embættisins hefur Rosmhvalaneshreppur 3. febr. þ.á. endurborgað fátækrasjóði Reykjavikur þær kr. 72,25,er lagðar höfðu verið með ómaganum Guðlaugu Guðmundsdóttur fram að nýjári næstliðnu.Skuldar þannig nefndur hreppur nú fátækrasjóðnum að eins kr. 62,50 fyrir ómaga þennan,og skrifa jeg nú samstundis sýslumanninum i Gullbringu- og Kjósarsýslu beiðni um,að innheimta einnig þessa upphæð hið allra fyrsta.-

Páll Einarsson
settur

Til fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn i Reykjavik

3. júli 1906

Með þóknanlegu brjefi dags. 18.f.m. hefur hin heiðraða fátækranefnd minnt á það,að 11. nóv. f.á. hafi verið greiddar úr bæjarsjóði hjer 130 kr. 75 a. til flutningskostnaðar þurfalingsins Guðriðar Bjargar Sigurðardóttur frá Reykjavik austur á Seyðisfjörð og að upphæð þessi muni ennþá ekki vera endurgoldin.

Í tilefni af þessu er nefndinni hjer með tjáð,að helmingurinn af kostnaði þessum eða kr. 65,37 hefur verið endurgoldinn 17. febr. þ.á. af Seyðisfjarðarkaupstað.En hinn helmingurinn kemur á sameiginlega þurfamannaflutnings-kostnaðarreikng Reykjavikur og Gullbringu- og Kjósarsýslu,og fæst þvi að eins óbeinlinis endurgoldinn,eptir að búið er að skipta þeim útgjöldum milli kaupstaðarins og sýslunnar.En þvi mun ennþá ekki vera lokið,enda þótt reikningur yfir þurfamannaflutngskostnað hjer i bænum næstliðið ár,sje fyrir löngu sendur sýslumanninum i Gullbringu- og Kjósarsýslu.-

Páll Einarsson
settur

Til Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn i Reykjavik

3. júli 1906

Með heiðruðu brjefi dags. 16. f.m. hefur fátækranefndin sent mjer 5 kr.,sem er endurgjald frá Pjetri Þórðarsyni,Grettisgötu 35, upp i skuld hans við fátækrasjóð Reykjavikur.-

Fyrir upphæð þessari kvittast hjer með.-

Páll Einarsson
settur

Til Fátækranefndar Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn i Reykjavik

3. júli 1906

Með heiðruðu brjefi fátækranefndarinnar dags. 16. f.m. hef jeg meðtekið 10 kr.,sem er endurgjald frá Þórunni Halldórsdóttur,Grettisgötu 61, á fátækrastyrk,er hún hafði fengið hjer i bænum.-

Fyrir þessum 10 krónum kvittast hjer með.-

Páll Einarsson
settur

Til Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn i Reykjavik

3. júli 1906

Með heiðruðu brjefi dags. 16. f.m. hefur fátækranefndin sent mjer 30 kr., sem er endurgjald frá Guðbjörgu Jónsdóttur Grettisgötu 36 B, fyrir þeginn sveitarstyrk.-

Fyrir þessum 30 kr. kvittast hjer með.-

Páll Einarsson
settur

Til Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn i Reykjavik

30. júni 1906

Sýslumaðurinn i Suður- Múlasýslu hefur með brjefi dags. 1.þ.m. tilkynnt mjer, að hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps hafi lofast til að greiða i sumar þær 80 kr. 85 a., er fátækrasjóður Reykjavikur hafi lagt Önnu Jóninu Jensdóttur.-

Þetta loforð er væntanlega betra en ekki neitt og því leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðruðu fátækranefnd það.-

Páll Einarsson
settur

Til fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn i Reykjavik

21. mai 1906

/.

Jeg sendi fátækranefndinni hjer með brjef hreppsnefndarinnar i Fellsstrandarhreppi dags. 14. f.m., þar sem nefndin kannast við sveitfesti Jónasar Jónassonar, þess er brjef fátækranefndarinnar dags. 24. febr. þ.á. ræðir um, og beiðist hreppsnefndin þess að manni þessum sje ráðstafað hjer syðra, þar til aðrar ákvarðanir verði gjörðar.-

Páll Einarsson

settur.

Til Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hreppsnefnd
Fellsstrandarhrepps
14 april 1906

Brjef yðar herra Bæjarfógeti af 8 marz þetta ár ásamt brjefi fátækranefndarinnar og fleiri fylgiskjölum, hefur hreppsnefndin meðtekið, þar sem þjer óskið eptir upplýsingu um hvort Jónas Jónasson frá Stykkishólmi eigi hjer sveitlægur og læt jeg yður nú hjermeð vita að það er enginn vafi á að hann eigi hjer sveitlægur, og erum vjer fúsir á að annast um greiðslu á kostnaði þeim sem bæjarsjóður kann að þurfa að leggja fram hans vegna.

En einsog drepið er á í brjefi fátækranefndarinnar á maður þessi föður á lífi, vel efnaðann bónda og þykir oss sennilegt að hann muni *vilja* sjá honum fyrir samastað og öðru sem hann þarfn-

Bæjarfóg. í Rvík.
Dagbók 1906 No. 414.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

art, en þad hefur enn ekki verid
hægt ad ~~finna~~ finna hann. Vjer viljum
því óska þess ad fátækranefndin útvegi
honum, Þurfalíngnum samastad
fyrstumsinn, því ef Fadir hans
skildi taka hann eda sjá honum
~~fyrir~~ fyrir samastad þá virdist ekki vera
nema óþarfa hrakníngur ad hann
sje fluttur híngad

Jóhann Einarsson
(oddviti)

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jónas Jónasson
frá Stykkishólmi.

1) Jörðin Hella á Hellisströnd, 9,5 hndr. n. m.
virt til veðs árið 1904 á — Kr. 1000.00
Áhvílandi veðskuld til sparisj. St.h. " 450.00

2) 1 hndr. í Hólmi í Fremri-Langey í Skarðs-
strandarhreppi:
Virt til veðs 1904 á — — Kr. 864.06
Jarðarhluti þessi óveðsettur.

3) Hús í Stykkishólmi, sem Sæm.
Halldórsson telur seljanlegt fyrir 7-800 kr.
Áhvíl. sparisjóðsskuld 300 "

Aðrar skuldir:

1) Hjá Sæm. Halldórssyni Kr. 264.74
2) — sparisjóði St.hólms " 100.00
3) — Leonh. Tang í St. " 13.36

15. febr. Tekinn til framfæris:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16/6. 06. Skr. bæjarfóg.: beðinn að útvega umræddan úrskurð í eptirriti frá Stjórnarráði:

Bæjarfógetinn i Reykjavik

31. marz 1906

Í tilefni af brjefi fátækrastjórnarinnar dags. 17. jan. þ.á., viðvikjandi meðlögum með börnum Ástriðar Sigurðardóttur i Hólakoti, leyfi jeg mjer að skýra nefndinni frá þvi, að jeg þykist muna, að úrskurður sje til, er skyldi Þorleif Jóelsson til að gefa 45 eða 50 kr. árlega með barni hans og Ástriðar. Þessi úrskurður mun fyrir mörgum árum hafa verið sendur hingað til skrifstofunnar frá sýslumanninum i Gullbringu- og Kjósarsýslu, en jeg veit ekki nú, hvar úrskurðurinn er niðurkominn. Jeg bið þvi fátækranefndina að láta mjer i tje skýrslu um, hvort úrskurðurinn ekki muni nú vera i vörzlum nefndarinnar. En ef ekki mun jeg leita hann uppi eða fá eptirrit af honum og krefja hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps um fúlguna samkvæmt honum fyrir hið siðasta ár, ef jeg fæ vottorð um, að barnið sje lifandi, og ekki eldra en 16 ára. En þetta vottorð vænti jeg að fátækranefndin útvegi og sendi mjer við tækifæri.-

Páll Einarsson
settur.

Til Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17/1. 06. skr. bæjarfóg. aptur og spurt um fúlgu af hálfu Jóels Þorleifss. barnsföður Ástríðar.

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 15. d. janúar mán. 1906

Út af fyrirspurn hinnar heiðruðu fátækranefndar í brjefi dags. 10. þ.m., um það hvort styrk þann, er Ástríður Sigurðardóttir fær úr fátækrasjóði og síðastl. ár var 200 kr. beri að skoða sem sveitarstyrk henni veittan, eða hvort styrkur þessi sje eigi fremur framlag fátækrasjóðs uppí úrskurðaðar barnsfúlgur, sem Ástríður geti heimtað af dvalarsveit sinni, vil jeg leyfa mjer að tjá nefndinni, að úrskurðaðar fúlgur af föðursins hálfu með 3 börnum Ástríðar sem hjá henni eru, eru samtals 145 kr. (50 + 50 + 45 kr.) og hefur faðir barnanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigfús Sveinbjarnarson greitt þér í fátækra sjóð að undanförnu. Þó á hann enn ógreiddar fúlgurnar fyrir árið sem leið, þó að jeg hafi opt krafið hann um þær, en nú hefur hann lofað að standa í skilum fyrir lok þ. m. Bregðist það, verður að beita við hann þvingunarráðstöfunum þeim sem lögin heimila. —

Halldór Daníelsson.

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn i Reykjavik

4. júli 1906

Með heiðruðu brjefi dags. 30.f.m. hefur fátækranefndin sent mjer til innborgunar i bæjarsjóðinn 20 kr frá Helgu Jóhannesdóttur á Suðurklöpp, sem er endurgjald á fátækrastyrk, er henni hefur verið veittur.-

Fyrir þessum 20 krónum kvittast hjer með.-

Páll Einarsson
settur.-

Til fátækranefndar Reykjavikurkaupstaðar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn i Reykjavik

4. júli 1906

Í tilefni af heiðruðu brjefi fátækranefndarinnar dags. 18.f.m. tilkynnist nefndinni hjer með,að samkvæmt gjaldabók bæjarfógetans hefur Seiluhreppur i Skagafjarðarsýslu þ.15. jan. þ.á. endurborgað fátækrasjóði Reykjavikur þær 39 kr.,er lagðar höfðu verið til framfæris Guðrúnu Ásmundsdóttur frá Bakka hjer i bænum,og er upphæð þessi þegar greidd i bæjarsjóðinn.-

Páll Einarsson
settur.

Til Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn i Reykjavik

6. júli 1906

Hjer með tilkynnist hinni heiðruðu fátækranefnd, að Jón sá Eyjúlfsson, er brjef nefndarinnar 30. f.m. ræðir um hefur 12. febr. þ.á. borgað i bæjarsjóðinn 20 kr. af þeim 40 kr., sem getur um i brjefinu. Hinn helminginn hefur hann lofað að greiða 1. marz þ.á, en ekki efnt það loforð. Hann er ekki hins-vegar nú sem stendur hjer i bænum, en jeg hygg þá, að upphæðin muni fyr innheimtast ef hans er beðið og hún innheimt hjá honum sjálfum, heldur en ef farið væri að krefja framfærsluhrepp hans um hana.-

Páll Einarsson
settur

Til Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 16/6.'06. frestað. – Sam. ?.

Reykjavík Laugaveg No 61 – 6 júní 1906

16 Kr

Háttvirta fátækrastjórn Reykjavíkur

Einsog yður er kunnugt hefur ómagi minn Jón Sigurðarson dvalið hjá mér í 8 mánuði hefur hann als aungvann bata fengið á heilsunni á þessum tíma sem hann hefur dvalið hjá mér þarsem stár kostlyur aumingi eru því vinsamlg til mæli mín tilviðar að þér í gjörðuð svo vel og hækka meðgjöf hans að það næði 20 kr tuttugu krónum um mánuðinn Læknirinn Guðm Björnsson hefur nýlega skoðað Jón en honum kom saman um hver aumingi hann er – ég auðleingi þettað ekki meyr en vonast eptir að fá áheyrn með tilmæli mín. virðingarfyllst

Runólfur Eiríksson

til fátækrastjórnarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 28/6. 06. – frestað.
Semúel & Jón Egi.

Með því að Jóhanna dóttir mín, sem er 22 ára gömul, er svo hörmulega veik af geðveiki, slagaveiki og rugli á sönsum að yfir henni verður að vaka og gæta hennar bæði nótt og dag, en jeg er svo fátækur að jeg á engan hátt get staðizt þann mikla kostnað, sem af þessu auma heilsuástandi hennar leiðir, og verð að taka kvennmann mjer til hjálpar að gæta hennar, þá neyðist jeg til auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer sem meðlag með henni mánaðarlega frá byrjun næstkomandi júlímánaðar og framvegis 25 krónur á mánuði meðan hún er hjá mjer, og er í því auma heilsuástandi, sem hún nú er.

Bjarnaborg í Reykjavík, 27. júní 1906.

Auðmjúklegast.

Jóhann Árnason.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

f. 28/6. 06. – þertal – Jón Egi.
12/7. 06. – Synjað. – Tilk. 13/7.

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með virðingarfyllst að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer tómthúsmennskuleyfi í Reykjavík framvegis frá þessum tíma.

Jeg er 37 ára gamall, fæddur í Andakýl í Borgarfjarðarsýslu, og á þar enn framfærslurjett.

Jeg er giftur maður; eigum við hjón 3 börn, hið elzta þeirra 7 ára, annað 3 ára og hið yngsta á 1. ári.

Efni mín eru reyndar lítil, hið helzta nokkrir húsmunir, búsáhöld, ný góð saumavjel, rúmfatnaður o. s. frv. En þó efni mín sjeu lítil vona jeg að geta komizt hjer allvel af, því jeg er heilsugóður, reglusamur og neyti einkis áfengis, vanur allri almennri vinnu á sjó og landi, og er nú fastráðinn í atvinnu við verksmiðjuna „Hjölni" í Reykjavík.

%. Jeg leyfi mjer hjer með að láta fylgja vottorð um mig frá skipstjóra Guðmundi Kr. Bjarnasyni í Reykjavík.

Svar hinnar háttvirtu fátækrastjórnar um þetta efni óska jeg að verði sent til leturgrafara Árna Gíslasonar við fyrsta tækifæri.

Grettisg. 59.

Reykjavík, 27. júní 1906.

Virðingarfyllst.

Jóhannes Jóhannesson

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með ánægju votta ég herra Jóhannesi Jóhannessyni, sem verið hefur hjá mér sem háseti á fiskigufuskipinu „Súlan" yfir tímabilið frá 26 oktober 1904 til 24 oktober 1905 til fiskiveiða og eina ferð milli landa að hann hefur verið mér hlýðinn og í meðalmannaröð að dugnaði og hegðað sér gagnvart mér og öðrum umborð ágætlega

Gef ég honum bestu meðmæli

p.t. Mjóafirði 24 oktober 1905

Guðm. Kr. Bjarnason

(skipstjóri)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur